

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Kratus Hvalfjörður



|                            |                           |                         |                            |
|----------------------------|---------------------------|-------------------------|----------------------------|
| <b>Dags eftirlits</b>      | 21.6.2013                 | <b>Fulltrúi UST</b>     | Halla Einarsdóttir         |
| <b>Fyrirtæki</b>           | Kratus                    | <b>Fulltrúi UST</b>     | Sigurður I. & Sigríður K.  |
| <b>Heimili</b>             | Klafastaðavegi 4          | <b>Tegund eftirlits</b> | Reglubundið fyrra eftirlit |
| <b>Kennitala</b>           | 4307002270                | <b>Flokkur</b>          | Ál                         |
| <b>Fulltrúi fyrirtækis</b> | Guðjón Jónsson            | <b>ÍSAT nr.</b>         |                            |
| <b>Fulltrúi fyrirtækis</b> | Arthur Garðar Guðmundsson | <b>Staðsetning</b>      |                            |

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik kom fram í eftirliti varðandi geymslu á saltgjalli (saltköku). Í eftirliti kom fram að töluverðu magni af saltköku hafði verið safnað upp í haug utandyra á ósteyptu undirlagi. Skv grein 2.14 í drögum að starfsleyfi er kveðið á um að allan gjallsand skuli flytja af svæðinu til viðurkennds eftirlitsaðila og geyma í vel lokuðu geymslurými t.d. gámum, á meðan beðið er eftir að efnið sé fjarlæggt til endurvinnsluaðila. Jafnframt flokkast saltgjall frá endurvinnslu sem spilliefni í reglugerð 184/2002 um skrá yfir spilliefni og úrgang. Rekstraraðili skal senda áætlun um úrbætur til UST fyrir 13.ágúst nk.

Auk þess voru tvær athugasemdir gerðar við starfsemina.

Athugasemd var gerð við skil á grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi en samkvæmt drögum að starfsleyfi skal því skilað fyrir 1.maí ár hvert. UST veitir rekstraraðila frest til 22.júlí nk. til að skila grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi fyrir árið 2012.

Athugasemd var gerð við geymslu fínryks utan svæðis. Vegna misturs sem myndaðist við verksmiðjuna hafa rekstraraðilar fjarlæggt allt fínryk sem sigtað er frá hráefninu til geymslu utan svæðis. Umhverfisstofnun óskar eftir öryggisblöðum þessa fínryks sbr. grein 2.2 í drögum að starfsleyfi, ásamt upplýsingum um hve mikið magn og ráðstöfun þess.

## UMFANG EFTIRLITS

Fyrirtækið starfar samkvæmt undanþágu frá starfsleyfi frá Umhverfisráðuneytinu sem gefið var út 27.mars sl. sem gildir til 1.nóvember 2013. Þar er kveðið á um að fyrirtækið fylgi drögum að starfsleyfi frá 25.mars 2013. Tillaga að drögum að starfsleyfi er langt á veg komin og stýttist í að hún verði sett í auglýsingu. Rætt var um að sameina opna kynningarfundir Kratus ehf og GMR ehf.

Farið var yfir drög að starfsleyfi þá sérstaklega skilaskyldur sem tilgreindar eru í því.

Samkvæmt grein 2.4 í starfsleyfi skal skila tillögu að vöktunarkerfi fyrir 1.sept. Rekstraraðili hefur sent tillögu að dioxín-mælingum sem eru til skoðunar hjá UST. Rætt var um athugasemdir UST við tillöguna en greint verður frá því í sér bréfi.

Fyrstu mælingar á ryki, PCDD/PCDF í útblæstri og síuryki og brennisteinsdíoxíði skulu fara fram fyrir árslok 2013. Unnið er að áhættumati og viðbragðsáætlun og er áætlað að þeirri vinnslu ljúki í september 2013. Í síðasta eftirliti var gerð athugasemd við að ábyrgðartrygging sem kveðið er á um í grein 4.6 í starfsleyfi lá ekki fyrir. Ábyrgðartryggingin hefur nú borist til UST.

Rætt var um Umhverfisvöktunaráætlun sem skila á fyrir 1.okt. UST leggur að rekstraraðili vinni áætlunina með umhverfisvöktunina á Grundartanga (sameiginleg vöktun Norðuráls og Elkem) til hliðsjónar þannig að upplýsingarflæði verði sem best.

Í grein 3.4 í starfsleyfi kveðið á um skil á grænu bókhaldi og útstreymisbókhald samkvæmt ákvæðum viðeigandi reglugerða, þ.e.a.s. fyrir 1.maí ár hvert. Starfsemi hófst í nóvember 2012 og því bar rekstraraðila að skila grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi fyrir 1.maí síðastliðinn. Rekstraraðili skal skila grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi fyrir 13.ágúst nk.

Útflutningur á gjallsandi/saltköku til Bretlands er fyrirhugaður en útflutningsheimild liggur ekki fyrir. Rekstraraðili telur að því máli muni ljúka um mánaðarmótin júní-júlí og útflutningur hefjist í kjölfarið. Töluvert magn af saltköku hefur safnast fyrir og er geymd í haug fyrir utan verksmiðjuhúsið, á malarplani undir berum himni. Samkvæmt grein 2.14 í drögum að starfsleyfi frá 25.mars 2013, er kveðið á um að allan gjallsand skuli flytja af svæðinu til viðurkennds eftirlitsaðila og geyma í vel lokuðu geymslurými t.d. gámum, á meðan beðið er eftir að efnið sé fjarlæggt til endurvinnsluaðila. Saltkaka/saltgjall frá endurvinnslu á áli flokkast sem spilliefni sbr. flokk nr. 10.03.08 í reglugerð 184/2002 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang og ber því að geyma og meðhöndla í samræmi við það. Rekstraraðili skal senda áætlun um úrbætur til UST fyrir 13.ágúst nk.

Umhverfisstofnun hafa borist ábendingar um hvítan reyk frá verksmiðjunni og var rætt um ástæður og úrbætur vegna þess. Rekstraraðili telur að þessi reyk/mistur myndist í vissum vindáttum þegar afgang frá rykhreinsivirki slær yfir

finefni sem geymt var í sekkjum á svæðinu. Þetta finryk kemur með hráefninu (gjall) og er sigtað frá og safnað saman í stórsekki. Þegar vart var við mistrið var brugðið á það ráð að flytja sekkina með finefninu í geymslu utan svæðis og hefur mistursins hefur ekki orðið vart frá því. UST óskar eftir öryggisblöðum þessa finryks sbr. grein 2.2 í drögum að starfsleyfi ásamt upplýsingum um magn og ráðstöfun þess. UST fer fram á að finryki verði komið í endurvinnslu eða endurnýtingu ef mögulegt er en að öðrum kosti til förgunar hjá viðurkenndri móttökustöð fyrir úrgang.

Í starfsleyfi er heimild til mölunar og sigtunar saltkoku en ekki er búist við að sú framkvæmd hefjist fyrr en á næsta ári. UST hefur áhuga á að fylgjast með því ferli og skal rekstraraðili tilkynna UST þegar sú framkvæmd hefst.

Í eftirlitinu var endað á að fara í skoðunarferð um verksmiðjuna þar sem að farið var yfir framleiðsluferlið og rýnt í geymslu hráefna og úrgangs.

#### Frávik frá

Grein 2.14 í starfsleyfi.

#### Lýsing á fráviki

Í eftirlit kom fram að saltkaka var geymd utandyra á ósteyptu undirlagi. Skv grein 2.14 í starfsleyfi skal flytja allan gjallsand af svæðinu til viðurkennds endurvinnsluaðila og geyma í vel lokuðu geymslurými t.d. gámum, á meðan beðið er eftir að efnið sé fjarlægt til endurvinnsluaðila.

#### ATHUGASEMDIR

Tvær athugasemdir voru gerðar við starfsemina.

Athugasemd var gerð við skil á grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi en samkvæmt drögum að starfsleyfi skal því skilað fyrir 1.maí ár hvert. UST veitir rekstraraðila frest til 13.ágúst nk. til að skila grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi fyrir árið 2012.

Athugasemd var gerð við geymslu finryks utan svæðis. Vegna misturs sem myndaðist við verksmiðjuna hafa rekstraraðilar fjarlægt allt finryk sem sigtað er frá hráefninu til geymslu utan svæðis. Umhverfisstofnun óskar eftir öryggisblöðum þessa finryks sbr. grein 2.2 í drögum að starfsleyfi, ásamt upplýsingum um magn og ráðstöfun þess.

Reykjavík, 06.08.2013

Halla Einarsdóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.